



Síldarvinnslan hf

Fiskimjölsverksmiðja Neskaupstað

Efnalosun með frárennsli við vinnslu á síld

Desember 2022.



1. Inngangur

Um miðjan nóvember 2022 var farið í mælingu á frárennsli frá verksmiðjunni við vinnslu á síldarafskurði frá fiskiðjuveri Síldarvinnslunnarhf. Vinnsluafköst verksmiðju voru þá um 900 hráefnistonn á sólarhring. Mælingarnar voru framkvæmdar í samræmi við kröfur í starfsleyfi verksmiðjunnar.

Sýnataka fór fram úr öllum frárennslirásum verksmiðjunnar, Matís sá um mælingar á sýnunum. Í sýnunum voru mæld gildi á efnafræðilegri súrefnisþörf (COD), svifögnum og fitu. Fjögur sýni voru tekin og þeim blandað saman í eitt sýni.

Einnig voru tekin sýni af sjó sem notaður er til kælingar í þvottaturnum og á eimsvölum við eimingu. Rennsli kælisjós var áætlað út frá afköstum sjódæla og notkunar í verksmiðju, þéttivatn út frá afköstum við eimingu, þéttivatn frá glatvarmataækjum og flæði frá fitugildru var mælt út frá þeim tíma sem tók að fylla ákveðið rúmtak. Efnamælingar á sjósýnum að dælum voru dregnar frá heildarniðurstöðum frárennslismælinga.

Meðfylgjandi eru rannsóknarniðurstöður frá MATÍS á frárennslissýnunum.

Hér neðar er tafla sem sýnir útreiknað heildarmagn lífrænnra efna í frárennsli byggt á mælingum af sýnum að teknu tilliti til rennslismagns. Niðurstöðurnar eru bornar saman við starfsleyfiskröfur en gefin er upp hámarks mæling í fitu en ekki vegið meðaltal fitu í öllu frárennslisvatni.

2. Samantekt frárennslismælinga

| Straumar frá verksmiðjunni: | COD kg/shr | Svifefni kg/shr | Fita mg/l |
|--|------------|-----------------|-----------|
| Sjór út | 960 | 720 | 2 |
| Eimsvali glatvarmi | 420 | 815 | 100 |
| Eimsvali MVR | 216 | 290 | 5 |
| Efnaturnar (lyktheyðing) | 24 | 33 | 2 |
| Samtals | 1620 | 1858 | 109 |
| Sjór inn frá Saltfisk, dregst frá | 1.663 | 2877,3 | 2 |
| Mismunur..... | -43 | -1.020 | 107 |
| Þéttivatn | 852 | 47 | 2 |
| Frá fitugildru | 8 | 12 | 2 |
| Samtals | 817 | -961 | 111 |

| | | |
|--|---------|------------------|
| Samtals COD pr tonn hráefnis (1,5 kg/tonn) | 0,91 | kg/tonn hráefnis |
| Samtals svifefni pr tonn hráefnis (300 g/tonn) | - 1.068 | g/tonn hráefnis |
| Max fita í frárennsli (100 mg/l) | 100 | mg/ltr |

Samkvæmt mælingum er losun öll losun innan starfsleyfismarka.

Svifefnamælingarnar sýna eins og áður að það virðist fara minna frá okkur en til okkar í frárennsli. Rétt er að nefna að í ár voru sýnin mæld fyrir COD en fram að þessu hefur verið BOD verið mælt og það svo umreiknað.

Fitumæling frá eimsvala glatvarma er á mörkunum hvað varðar fitu en það kemur verulega á óvart.

3. Magn hráefnis

Magn unnins hráefnis síðustu tvö ár.

| Ár | Hráefnistegund | Magn tonn |
|------|-------------------------------------|----------------|
| 2021 | Loðna | 21.147 |
| 2021 | Kolmunni | 46.363 |
| 2021 | Afskurður og fráflokkað frá vinnslu | 43.841 |
| | Samtals 2021..... | 111.352 |
| 2022 | Loðna | 73.651 |
| 2022 | Kolmunni | 49.258 |
| 2022 | Afskurður og fráflokkað frá vinnslu | 55.606 |
| | Samtals 2020..... | 178.515 |

25. apríl 2023

Hafþór Eiríksson

Hafþór Eiríksson, verksmiðjustjóri Neskaupstað